



45. ÁRSPING

LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA

haldið að Hvolsvelli 28. og 29. okt. 1994

SKÝRSLA STJÓRNAR

Starfsárið 1993 - 1994

og

Reikningar ársins 1993

EFNISYFIRLIT SKÝRSLU STJÓRNAR LH 1993-1994

	bls.
Stjórn.....	1
Skrifstofa LH.....	1
Starfsnefndir L.H., verkefni og störf	2
Hesturinn okkar	5
Áfangar	5
Mótadagar félaganna	5
Reiðvegafé.....	6
Áningarhólfasjóður	7
Skógarhólar	7
Þjóðhátíð á Þingvöllum 17. júní og hópreið hestamanna	9
Landsmót hestamanna	9
Frá lyfjanefnd L.H. og HÍS.	10
Frá dómarafélaginu.....	11
Skýrsla æskulýðsnefndar L.H. og HÍS.	12
Skýrsla æskulýðsfulltrúa	15
Reiðvegaáætlun, starfsskýrsla.	16
Reiðvegamál og tengd verkefni	17
Landnýting og ímynd hestamennskunnar	20
Skýrsla frá skipuritsnefnd	21
Fagráð í hrossarækt	22
Heimsóknir til félaga	22
Helstu viðburðir ársins.....	23
Erlend samskipti	23
Skýrsla - Kristinn Hugason hrossaræktarráðunautur	23
Ársreikningar LH 1993	27

Skýrsla stjórnar Landssambands hestamannafélaga starfsárið 1993 - 1994

1. STJÓRN.

Starfsárið 1993 - 1994 sátu eftirtaldir í stjórn L.H.:

Aðalstjórn:

Formaður:	Guðmundur Jónsson, Reykjum Mosfellsbæ.
Varaformaður:	Guðbrandur Kjartansson, Garðabæ.
Ritari:	Halldór Gunnarsson, Lundi, Öxarfirði.
Féhirðir:	Sigfús Guðmundsson, V-Geldingaholti, Árn.
Meðstjórnendur:	Jón Bergsson, Ketilsstöðum, Egilsstöðum. Sigbjörn Björnsson, Lundum, Mýr. Kristmundur Halldórsson, Kópavogi.

Varastjórn:	Marteinn Valdimarsson, Búðardal. Ágúst Oddsson, Garðabæ. Sigurgeir Bárðarson, Hvolsvelli. Stefán Erlingsson, Akureyri. Kristján Auðunsson, Reykjavík.
-------------	---

Á starfsárinu voru haldnir 11 formlegir stjórnarfundir auk margra annara funda stjórnarmanna. Varastjórnarmenn eru boðaðir á stjórnarfundi enda þótt þeim beri ekki skylda til þess að mæta, nema á fyrsta fund eftir ársþing og á fund í lok starfsárs. Á fyrsta stjórnarfundi eftir ársþing er farið yfir samþykktir og ályktanir þingsins og málum vísað til starfsnefnda og þær skipaðar. Þær vinna svo að málum og afgreiðslu þeirra. Starfsnefndir L.H. sem vinna að afmörkuðum verkefnum eru einar átján og funda um sín mál, auk verkefna sem stjórn og skrifstofa sinna. Stjórnarmenn starfa í mörgum starfsnefndum og fylgja málum eftir. Sjá kaflann um tillögur og ályktanir 44. ársþings og störf starfsnefnda árið 1994.

2. SKRIFSTOFA L.H.

Skrifstofa L.H. er í Bændahöllinni við Hagatorg. Hún er opin frá kl. 9-16. Þar starfa 2 fastráðnir starfsmenn þau, Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri í fullu starfi og Ingibjörg Magnúsdóttir í hálfu starfi. Bein símalína er 91-29899, en einnig er hægt að hringja í skiptiborð Búnaðarfélagins í síma 91-630300 og 91-630325.

Þjónusta skrifstofunnar fyrir HÍS var verulega minni í ár að þeirra eigin ósk eftir að HÍS opnaði sína skrifstofu í Laugardal.

Starfið á skrifstofunni er umfangsmikið og fjölpætt. Verkefni eru mörg, skipulagning og undirbúningur ýmissa nefndafunda sem haldnir eru á skrifstofunni auk stjórnarfunda. Allar bréfaskriftir og varsla gagna. Undirbúningur ársþinga sem krefst mikillar vinnu á skömmum tíma. Þá er reynt að leysa dagleg verkefni eins og kostur er. Félagaskrá hestamannafélaganna er leiðrétt og tölvusett á skrifstofunni og á síðasta ári var tekið í notkun nýtt tölvuforrit sem notað er til að bæta félagaskrár samtaka hestamanna og gera þær aðgengilegri. Ýmiss önnur þjónusta við hestamannafélögin er innt af hendi. Framkvæmdastjóri situr alla stjórnarfundi og marga nefndafundi og eins hefur verulegur tími farið í vinnu við reiðvegaáætlunina og tengd verkefni. Fréttir af starfi L.H., "Með Jóreyknum" eru birtar reglulega í blöðum hestamanna, Hestinum okkar og Eiðfaxes, L.H. að kostnaðarlausu.

3. TILLÖGUR OG ÁLYKTANIR 44. ÁRSPINGS OG STÖRF STARFSNEFNDA ÁRIÐ 1994.

Samþykktum ársþinga er komið á framfæri við þá aðila sem málin varða og unnið er að framgangi þeirra í starfsnefndum L.H. og hjá skrifstofu og stjórn. Mörg mál hljóta þó ekki fulla afgreiðslu á einu ári eða á milli þinga. Mál eru misjafnlega viðamikil sum þeirra krefjast mikillar vinnu og undirbúnings en önnur ekki. Sum mál hljóta jafnan að vera uppi á borðum hestamanna til athugunar og endurskoðunar. Reynt er að þoka málum áfram eins fljótt og efni standa til.

Álit fjárlaganefndar.

44. ársþingið samþykkti óbreytt árgjöld til L.H. fyrir árið 1994 og voru 1993, kr. 475 fyrir unglunga og kr. 950 fyrir fullorðna.

Keppnisnefnd.

Keppnisnefnd er ein starfsnefnda L.H. og tók við verkefnum gæðinga- og unglinganefndar. Nefndin fer með öll mál er lúta að keppni barna, unglunga og gæðinga. Önnur verkefni eru að skoða og hafa frumkvæði um breytt keppnisform og mótahald.

Á fundi stjórnar L.H. 28. jan. s.l. voru eftirtaldir tilnefndir í nefndina:

Ágúst Oddsson Garðabæ, Olil Amble Stangarholti, Eyjólfur Ísólfsson Reykjavík, Kristbjörg Eyvindsdóttir Reykjavík, Ragnar Petersen Reykjavík, Þorvaldur Sveinsson Kjartansstöðum, Sigurbjörn Bárðarson Reykjavík, Erling Sigurðsson Reykjavík, Atli Guðmundsson Hafnarfirði og Magnús Lárusson Hólum Hjaltadal.

Atli Guðmundsson var kjörinn formaður nefndarinnar. Hún hefur komið nokkrum sinnum saman og rætt ýmsar hugmyndir varðandi sín verkefni, sem ávallt hljóta að vera til skoðunar. Breytingar sem síðasta ársþing samþykkti um keppnisreglur komu til umfjöllunar nefndarinnar,

áður en þær voru prentaðar endanlega og reglum breytt. Nefndin skoðaði nýjar hugmyndir um gæðingakeppni og mótahald, m.a. með fulltrúum Dómarafélags L.H. og fleirum. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að skoða keppnismálin í heild og telur mikilvægt að einfalda allt keppnisfyrirkomulag og gera það hraðvirkara. Slíkt sé mikilvægt til að laða að áhorfendur og fjölmiðla.

Skipuritsnefnd.

44. ársþing L.H. samþykkti að stjórn sambandsins færi þess á leit við HÍS að skipuð yrði nefnd til að skoða kosti þess og galla að þessi samtök yrðu sameinuð og gera tillögu að hugsanlegu skipuriti fyrir ný samtök og tillögu að lögum.

Niðurstaða skyldi lögð fyrir ársþing beggja samtakanna til kynningar og einnig send hestamannafélögunum og hestaíþróttadeildunum. Nefndin hefur unnið mikið starf og skoðað þetta mál ítarlega, sjá skýrslu nefndarinnar í ársskýrslu og mikla samantekt um málið.

Reiðveganefnd L.H.

Sigfús Guðmundsson gjaldkeri L.H. formaður, Birgir Rafn Gunnarsson og Sigurgeir Bárðarson. Nefndin gerði tillögur um úthlutun reiðvegafjár til hestamannafélaganna sem L.H. fær með sérstakri fjárveitingu frá Alþingi, sem 1994 voru átta milljónir króna. Stjórn L.H. staðfesti tillögur reiðveganefndar. Sjá úthlutun í ársskýrslu.

Mótanefnd.

Nefndina skipa: Sigbjörn Björnsson Lundum formaður, Elísabet Þórólfsdóttir Garðabæ, Halldór Gunnarsson Lundi, Friðfinnur Hilmarsson Kópavogi og Haraldur Haraldsson Reykjavík. Nefndin sér um niðurröðun móta fyrir hvert keppnistímabil í samvinnu við skrifstofu L.H. eftir umsóknum félaganna um mótadaga. Einnig fer nefndin yfir umsóknir um staðfestingu á metum í hlaupum og gerir tillögur til stjórnar L.H. um staðfestingu eða synjun.

Lyfjanefnd L.H. og HÍS.

Nefndin hefur unnið og skilað miklu og tímafreku starfi. Sjá nánar skýrslu frá nefndinni og þingskjal varðandi lyfjamál.

Nefnd sem sinnir samstarfi og samskiptum L.H. við FEIF.

Guðmundur Jónsson, Kristinn Hugason, Sigurður Sæmundsson, Jón A. Sigurbjörnsson og Bergur Pálsson funduðu tvisvar sinnum og ræddu ýmiss mál varðandi FEIF samstarf og undirbjuggu aðalfund FEIF 4. júlí, sem jafnframt var afmælisfundur samtakanna en þau urðu 25 ára í sumar, stofnuð 1969. Nefndin ásamt framkvæmdastjóra L.H. og Sigurði Ragnarssyni áður varaforseta FEIF skipulagði afmælisfagnað í Viðey að kvöldi 4. júlí. Sjá nánar skýrslu um FEIF.

Skógarhólanefnd.

Var óbreytt frá síðasta ári svo og starfslýsing fyrir hana, en nefndina skipa Gunnar B. Gunnarsson, Ásgeir Guðmundsson, Kristján Auðunsson og Pétur J. Hákonarson. Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri starfar með nefndinni. Sjá nánar skýrslu um Skógarhóla.

Millipinganefnd um tölvuvæðingu á stórmótum.

Ólafur H. Einarsson, Kristján Auðunsson og Eyþór Óskarsson. Nefndin hefur unnið að þessum málum og útfært tölvukerfi sem notað hefur verið á mótum og treyst það. Samvinna er um þessi mál milli L.H., HÍS og íþróttahreyfingarinnar. ÍSÍ hefur gert stóran samning um viðamikla hugbúnaðargerð fyrir sérsambönd sín. Meðal þeirra forrita sem skrifa á er móta og dómskerfi fyrir allar greinar íþróttar. Unnið er áfram að heildartölvuvæðingu hestamannahreyfingarinnar. Málið er þannig í athugun og vænta má niðurstöðu áður en mjög langur tími líður.

Ferða- og umhverfismálanefnd.

Þórður Ólafsson formaður, Óttar Kjartansson, Stefán Erlingsson, Guðrún Fjeldsted og Einar Bollason.

Nefndin skal fyrir hvert ferðatímabil láta fara fram athugun á algengustu ferðamannaleiðum hestamanna í öllum fjórðungum. Veita skal upplýsingar um áningarhólf, gististaði, fóðursölu og ástand leiða varðandi beit eftir því sem við verður komið í samráði við skrifstofu L.H. Koma skal á framfæri í tímaritum hestamanna upplýsingum og hvatningum um góðan undirbúning. Reka skal áróður fyrir góðri umgengni hestamanna og umhverfisvernd. Formaður nefndarinnar skal sitja fundi með samstarfsnefnd L.H. við Landgræðsluna, Náttúruverndarráð og Búnaðarfélagið um ferðir um hálendið og beitarmál. Nefndin hefur ekki starfað mikið á árinu en það stendur til bóta.

Landgræðsla ríkisins.

Gott samstarf hefur jafnan verið við Landgræðsluna og hefur það að stórum hluta gengið út á beitarmál og umferð um landið. Landgræðslan hefur um mörg ár aðstoðað við áburðargjöf á Skógarhólum. L.H. og Landsgræðslan hafa hvað eftir annað staðið að upplýsingum og áróðri varðandi umgengni hestamanna um landið og ráðleggingar um beitarmál.

Náttúruverndarráð.

Landssambandið á ekki beina aðild að Náttúruverndarráði en hefur átt góð samskipti við það. Það hefur snúið að umferð um landið almennt, einkum viðkvæm landssvæði og þjóðgarða.

Skógrækt ríkisins.

Engin bein samskipti utan tilraun sem gerð var með gróðursetningardag hestamanna í samvinnu við skógræktarfélög. Þetta var á ári trésins en árangur misgóður.

Landvernd.

Landssambandið er aðili að Landvernd og sendir árlega tvo fulltrúa til setu á aðalfundum þess og hefur þannig tækifæri til að koma málefnum sínum á framfæri.

4. HESTURINN OKKAR.

Samningi L.H. og Gunnars Gunnarssonar um útgáfu blaðsins lauk um síðustu áramót. Þá þegar var hafið að leita leiða til að halda útgáfunni áfram. Niðurstaðan varð sú, að bókaútgáfan Skjaldborg tók blaðið á leigu til 3ja ára og ber fyrirtækið ábyrgð á útgáfu þess. L.H. hefur nokkrar tekjur af blaðinu með því að selja auglýsingar í það. Útgáfan var komin í lægð um síðustu áramót. Helstu rök fyrir því að fara þá leið sem farin var, voru einkum fjárhagsleg. Mat stjórnar var að ekki væri tiltækt fjármagn til að L.H. gæti komið rekstri blaðsins á þann grundvöll sem æskilegur væri. Samningsgerð við Skjaldborg önnuðust Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson og Sigfús Guðmundsson.

5. ÁFANGAR.

Annað bindi Áfanga var gefið út s.l. sumar. Er hér um að ræða lýsingu reiðleiða á Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Þeir Hjalti Pálsson og Karl Óskar Hjaltason tóku að sér útgáfuna, en efni í bókina hafði verið að mestu tilbúið um hríð. Bókin kom út rétt fyrir landsmótið og var hún höfð þar til sölu. Hún er í sama broti og fyrri bókin en uppsetning korta er með dálítið öðrum hætti en í Áföngum I. Bókin er til sölu hjá útgefanda Hjalta Pálssyni, á skrifstofu L.H. og í hestavörubúðum og er hún ábyggilega kærkomin viðbót við fyrsta bindið.

6. MÓTADAGAR FÉLAGANNA.

Eins og undanfarin ár vann skrifstofa L.H. úr umsóknum félaganna og síðan raðaði mótanefnd þeim niður. Það verður sífellt erfiðara að skipa þannig mótadögum að ekki valdi einhverjum árekstrum. Mótum hefur fjölgað, en aðsókn minnkað. Varðandi landsmót, fjórðungsmót og Íslandsmót í hestaíþróttum, hafa þau sérstöðu, önnur mót eru ekki sett á þá daga sem þau mót eru haldin. Meira verður að ráðast með önnur mót, hvort þau rekist á eða ekki. Þörf er á því að nágrannafélög eða félög í sama fjórðungi tali sig saman um mótadaga til þess að koma í veg fyrir óþarfa árekstra. Umsóknareyðublöð um mótadaga 1995 hafa verið send félögnum. Gott væri að skrifstofan fengi þau útfyllt sem

fyrst og hér á ársþinginu ættu nágrannafélög að ræða málin og raða mótadögum hjá sér. Mjög brýnt er að mótaskrá verði tilbúin og sé fyrirliggjandi fyrir áramót. Slíkt auðveldar einnig dómaranefndum að raða dómurum á mótin.

Sótt var um staðfestingu á íslandsmeti í 300 m brokki, sem sett var á kappreiðum á LM'94 3. júlí í sumar. Tíminn var 29,0 sek. Hesturinn var Neisti frá Hraunbæ í Álftaveri, f. Goði frá Laugarnesi, m. Kolbrún 3638 frá Hraunbæ. Eigandi, Guðmundur Jónsson og var hann knapi, er metið var sett. Metið bíður staðfestingar, en eftir er að ganga frá nokkrum formsatriðum vegna þessa og verður það gert við fyrstu möguleika. Staðfest íslandsmet í greininni er 30.02 sek. sett af Neista og Guðmundi á Vindheimamelum 1990.

7. REIÐVEGAFÉ.

Reiðveganefnd L.H. kom saman til fundar mánudaginn 2. maí 1994 í Bændahöllinni í Reykjavík og gerði tillögur um úthlutun reiðvegafjár 1994. Í reiðveganefndinni eru eftirtaldir: Sigfús Guðmundsson, Vestra-Geldingaholti, Sigurgeir Bárðarson, Hvolsvelli og Birgir Rafn Gunnarsson, Reykjavík. Umsóknir bárust frá 25 hestamannafélögum að upphæð 36 milljónir króna. Reiðveganefndin lagði tillögur sínar fyrir stjórnarfund L.H. 17. maí s.l. og samþykkti stjórn L.H. þær eins og reiðveganefnd lagði þær fyrir.

Til úthlutunar reiðvegafjár voru kr. 8.000.000 og er úthlutun eftirfarandi:

	þús. kr.:
Blær, Norðfirði og Eskifirði	200.000
Dreyri, Akranesi og nágr.	250.000
Faxi, Borgarfirði	200.000
Feykir, N-Þing.	150.000
Geysir, Rang.	1.200.000
Glófaxi, Vopnafirði.	200.000
Gustur, Kópavogi	300.000
Hörður, Mosfellsbæ	800.000
Kópur, V-Skaftafellss.	300.000
Ljúfur, Hveragerði	500.000
Logi, Biskupstungum	400.000
Máni, Suðurnesjum	300.000
Skógarhólar	900.000
Sleipnir, Selfoss og nágr.	1.000.000
Snæfaxi, Þistilf.	150.000
Snæfellingur	50.000
Sóti, Álftanesi	500.000

Stígandi, Skagafirði.	150.000
Sörli, Hafnarfirði	300.000
Pytur, V-Hún.	150.000

Samtals:

 kr.: 8.000.000

Við úthlutun fjárins var reynt að veita sem flestum er um sóttu einhverja úrlausn á þann veg að framkvæmdin nýttist sem flestum hestamönnum. Reiðveganefnd L.H. vill benda á þá miklu slyshættu, sem skapast þar sem umferð ríðandi og akandi liggur saman og þá brýnu nauðsyn að aðskilja umferð ríðandi og akandi sem mest allsstaðar þar sem því verður við komið með góðu móti.

8. ÁNINGARHÓLFASJÓÐUR.

Á fundi stjórnar L.H. 3. okt. 1994 var úthlutað styrkjum úr áningarhólfasjóði L.H. Tekjur sjóðsins eru 2% af aðgöngumiðasölu á lands- og fjórðungsmótum. Umsóknir um styrki höfðu borist frá eftirtöldum hestamannafélögum:

Frá Feyki Öxarfirði vegna áningarhólfs á eyðibýlinu Svínadal, sem er innan Þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum. Núverandi aðstaða fyrir hestamenn í Þjóðgarðinum er óviðunandi þar sem girðingar og gamla aðhaldið er með öllu ónýtt. Beiðnin var studd af þjóðgarðsverði og Náttúruverndarráði.

Frá Óðni í A-Hún vegna áningargerðis á Vatnsskarði á reiðleið milli Bólstaðarhlíðar og Varmahlíðar.

Frá Hornfirðingi um áningarhólf á reiðleið við Hellisholt á Mýrum.

Frá Hring í Svarfaðardal um áningargerði á reiðleið fram Svarfaðardal og yfir í Skagafjörð.

Frá Stíganda í Skagafirði um áningaraðstöðu á reiðleið miðsvæðis í Staðarfjöllum í Giltuskarði.

Öll félögin fengu úthlutun til þessara verkefna. Óðinn, Hornfirðingur, Stígandi og Hringur kr. 75.000 hvert félag og Feykir kr. 100.000, alls kr. 400.000. Félögin fá greiddan styrkinn, þegar þau framvísa reikningum á skrifstofu L.H. vegna framkvæmdanna. Þeim er þakkað gott framtak við að bæta aðstöðu hestamanna á þessum reiðleiðum og hvött til að ljúka þessum verkefnum sem fyrst.

9. SKÓGARHÓLAR.

Snemma í vor barst stjórn L.H. erindi frá þjóðhátíðarnefnd um að fá Skógarhólasvæðið leigt fram yfir þjóðhátíð 17. júní til afnota fyrir vinnuflokka og geymslu efnisbirgða til mannvirkjagerðar á Þingvöllum vegna þjóðhátíðarinnar.

Einnig óskaði nefndin eftir að fá afnot af öllu svæðinu fyrir tjaldstæði þjóðhátíðargesta. Samningur var gerður við nefndina um leiguafnot af svæðinu. Annað kom naumast til greina.

Leigan frá þjóðhátíðarnefnd var kr. 200.000 fyrir tímabilið, nefndin veitti einnig L.H. styrk fyrir vinnu við reiðveg til Skógarhóla kr. 100.000. Auk þessa má segja að staðurinn hafi notið ýmsra fríðinda hjá leigutaka sem komu staðnum til góða. Þetta leiddi hins vegar til þess að áningaraðstaðan var ekki opnuð að fullu fyrr en eftir þjóðhátíð.

Umferð hestamanna til Skógarhóla var m.a. af þessum sökum nokkru minni en í fyrra eða um 2100 gistinætur hrossa í stað 2600 í fyrra.

Gistinætur í herbergjum og tjöldum um 17% minni en sumarið áður.

Umsjónarmaður á Skógarhólum í sumar eins og í fyrra var Hörður Guðmannsson bóndi í Skálabrekku og skilaði hann ágætu starfi eins og áður.

Unnið var áfram að ýmsum endurbótum að Skógarhólum á liðnu vori og í sumar. Verkið hófst með því að skipulagðir voru 2 vinnudagar sjálfboðaliða 4. og 5. júní. Mæting var ekki góð en þó fengust um 20 dagsverk félaga hestamannafélaga á suðvestur horninu.

Unnið var að þrifum og tiltekt eftir veturinn, vatn tengt og annað fært í lag. Sett var upp ný girðing frá aðalhliði og inn að Fjánhúsmúla og eldri girðingin rifin. Öll girðingavinna á Skógarhólum í sumar var unnin af sjálfboðaliðum og sparaði það verulegan kostnað. Áburði var dreift á beitolandið. Vorið var kalt og gróður seinni til en í meðalári. En sumarið var með fádæmum gott og næg beit er leið á sumarið. Nauðsynlegt hefði verið að hafa hey til staðar fyrst í vor en aðstaðan fyrir heygeymslu var ekki til staðar. Bætt hefur verið úr því, og fóður verður á staðnum á næsta vori, ef þörf er á.

Hesthúsið á Skógarhólum kom mjög illa undan vetri og var samdóma álit Skógarhólanefndar, stjórnarmanna L.H. og þjóðgarðsvarðar að láta gera verulegar lagfæringar á því.

Endurviða burðarbíta og stoðir.

Rífa allar gamlar innréttingar úr húsunum.

Setja nýjar jötur.

Skipta um jarðveg í gólfi og steypa undirstöður undir burðarstoðir.

Steypa burðarvegg við inngöngudyr til að koma í veg fyrir jarðvegsvatn sem vildi renna inn í húsið.

Að gera húsið vindhelt.

Setja vélengar dyr á hesthúsið.

Laga hnakkageymslu og koma upp geymslu fyrir umsjónarmann.

Með þessu móti væri hesthúsinu haldið í ásættanlegu ástandi.

Hesthúsið yrði síðan notað að vetrarlagi sem vélageymsla fyrir þjóðagarðinn. Fer vel á þessu og styrkir samstarf og tengsl við þjóðgarðinn.

Þessi verk voru unnin og þeim lokið í sumar. Efni og nokkur vinna við verkið fékkst á góðum kjörum frá vinnuflokki þjóðhátíðarnefndar, ef

slíkt hefði ekki komið til, er alls óvíst að hægt hefði verið að ráðast í þessi verk.

Vegna þjóðhátíðar voru lagnir settar í jörð á Þingvallasvæðinu fyrir rafmagn, síma og vatn. Þessar lagnir eru því til staðar og verða ekki teknar upp aftur og áhugi er fyrir því hjá þjóðgarðsverði að koma slíkum lögnum alla leið upp í Bolabás.

Ef af þessu verður, er ekki mikið mál að koma á rafmagni í Skógarhóla, síma og vatni. Að þessu er unnið í samvinnu við þjóðgarðsvörð.

Þrátt fyrir þessar endurbætur á Skógarhólum, er rekstur staðarins í þokkalegu jafnvægi. Ekki tap á rekstrinum.

10. ÞJÓÐHÁTÍÐ Á ÞINGVÖLLUM 17. JÚNÍ OG HÓPREIÐ HESTAMANNA.

Þjóðhátíðarnefnd hafði samband við L.H. og óskaði eftir þátttöku og samstarfi við hestamenn vegna hátíðahaldanna.

Ákveðið var að við setningu hátíðarinnar kæmi hópreið hestamanna inn á mótssvæðið og mynduðu hestamenn heiðursvörð við aðalsviðið, þegar hátíðin væri sett.

Skipaður var sýningarstjóri Pétur Jökull Hákonarson og annaðist hann að mestu leyti skipulag hópreiðarinnar. Öll hestamannafélögin frá Hvalfjarðarbotni austur að Þjórsá áttu fulltrúa í hópreiðinni sem í voru um 100 hestamenn á gæðingum sínum. Var riðið niður Almannagjá að mótssvæðinu, allir í sínu fínasta pússi og mynduðu fallega skeifu baksviðs við aðalsviðið.

Vakti hópreiðin verðskuldaða athygli og hrifningu þjóðhátíðargesta og þótti takast með ágætum. Einnig voru hestamenn með ákveðið sýningaratriði á þjóðhátíðinni. Sýslumaðurinn með miklu fylgdarliði var í kaupstaðarferð og fór fylkingin ríðandi um mótssvæðið klædd búningum frá fyrri öld.

Sýslumanninn lék Guðmundur Jónsson formaður og í fylgdarliði hans um 14 hestamenn. Þetta atriði fékk góða dóma. Hestamenn hlutu þakkir fyrir framlag sitt til þjóðhátíðar og var haft á orði að án hestamanna og hesta, væri ekki hægt að halda þjóðhátíð á Þingvöllum. Hesturinn, sagan og Þingvellir verða ekki aðskilin.

11. LANDSMÓT HESTAMANNA 1994.

Landsmótið var haldið á Gaddstaðflötum við Hellu 28. júní - 3. júlí s.l. og þótti takast vel í alla staði. Veður var hið besta alla mótisdagana og aðstaðan var mjög góð á mótssvæðinu. Þeir sem tóku að sér framkvæmd mótsins unnu starf sitt af kostgæfni. Félögin á suður- og suðvesturlandi báru ábyrgð á framkvæmdinni eins og var síðast, þegar landsmót var haldið á Suðurlandi 1986. Mótið var fjölsótt og vakti mikla athygli. Forsætisráðherra heimsótti mótið á sunnudagsmorgunn

og flutti ræðu við hátíðadagskrá. Að dómi kunnugra hafa hrossin ekki verið jafn góð og í ár og er greinilegt að gæðingum fjölgar. Flest gekk eins og áætlað var á mótinu og afkoma þess jákvæð, en endanlegar lokatölur liggja ekki fyrir. Væntanleg er skýrsla frá framkvæmdanefnd um framkvæmd mótsins og verður hún send hestamannafélögunum til skoðunar þegar þar að kemur. Framkvæmdastjóri mótsins var Fannar Jónasson.

12. FRÁ LYFJANEFND L.H. OG HÍS '93 - '94.

Ákveðið var eftir síðustu ársþing L.H. og HÍS að vinna sameiginlega áfram að málum varðandi lyfjaeftirlit og lyfjapróf.

Í lyfjanefnd sátu frá L.H. Guðbrandur Kjartansson, formaður, Helgi Sigurðsson og Þór Sigþórsson, en frá HÍS þeir Sigurður Sæmundsson og Steingrímur Þormóðsson.

Í lok síðasta ársþings L.H. að Varmahlíð í Skagafirði, var samþykkt ályktun um að beina því til framkvæmdastjórnar Landsmóts 1994, að framkvæmd verði lyfjapróf, sé það mögulegt, í samræmi við reglur þar um. Framkvæmd þessara mála verður þá unnin í samráði við lyfjanefnd.

Mál þessi voru rædd í tvígang innan stjórnar L.H. í byrjun starfsárs, sem vísaði þessu áfram til framkvæmdanefndar Landsmóts. Ekkert var frekar haft samband við okkur í lyfjanefnd, en geta má þess að erfitt hefði þó verið að taka upp lyfjapróf, meðan ekki er búið að setja nein lög eða reglur þar um.

Á vordögum barst lyfjanefnd ósk frá formanni HÍS, Jóni A. Sigurbjörnssyni um að lyfjaprófað yrði á Íslandsmóti í hestaíþróttum. Í samráði við stjórn HÍS og lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ var þetta gert og um leið unnið í að koma á fót reglugerð HÍS um lyfjaeftirlit, sem er unnin eftir alþjóðlegum FEI (Federation Equestre Internationale) reglum varðandi hross.

Lyfjanefnd leggur tillögu fyrir næsta ársþing L.H., sem verður haldið að Hvolsvelli í lok okt. n.k. um að komið verði á fót reglugerð varðandi lyfjaeftirlit í öllum keppnum, mótum og sýningum á vegum L.H. Eðlilegast er, að sömu reglur þ.e.a.s. hinar alþjóðlegu FEI reglur gildi fyrir alla þætti hestamennskunnar s.s. gæðingakeppni, íþróttakeppni og kynbótasýningar.

Þess má og geta að 1. júlí s.l. gengu í gildi ný lög varðandi dýravernd. Það kemur m.a. fram í 6. grein, kafla 2 "að einungis má nota í keppni dýr, sem eru heilbrigð og vel þjálfuð. Óheimilt er að nota hormón, deyfilyf eða hliðstæð efni til að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni". Því má og bæta við að lokum að formaður lyfjanefndar L.H. og HÍS, Guðbrandur Kjartansson, situr nú í vinnunefnd skipaðri 19.08. s.l. af umhverfismálaráðherra og skal sú nefnd gera tillögur að reglugerð um bann við notkun lyfja og um meðhöndlun hrossa (og annarra dýra) í keppni og sýningum.

Virðingarfyllst,
f.h. lyfjanefndar L.H. og HÍS
Guðbrandur Kjartansson.

13. FRÁ DÓMARAFÉLAGINU.

Starfsemi dómarafélagsins hefur verið með hefðbundnum hætti. Allmargir stjórnarfundir hafa verið haldnir og einnig var haft samband símleiðis.

1. mars var haldið héraðsdómaranámskeið í Fákshéimilinu í Reykjavík. Mættu 23 dómaraefni og útskrifuðust strax 12 nýir gæðingadómarar, en átta þátttakendum var gert skylt að gerast ritarar á tveimur mótum, áður en skírteinin yrðu afhent. Að mati kennarana voru hér á ferðinni efnilegir dómaraefni, en vantaði meiri reynslu. Þrír þátttakendur féllu.

Á námskeiðinu voru kennarar þeir Jóhann Þorsteinsson, Sigurbjörn Bárðarson, Halldór Sigurðsson og Olil Amble. Auk þess sem við fengum til liðs við okkur Sigurð Haraldsson sem hélt fyrirlestur um vilja.

Námskeiðið tókst ágætlega, en því miður var reynslan sú að í Reykjavík sem úti á landi gengur mjög erfiðlega að fá nógu góða hesta til að nota í prófinu, séstaklega í barna- og unglingsflokkum.

Í mörgum hestamannafélögum eru engir dómaraefni og var þessum félögum send bréf þess efnis og þau beðin um að reyna að finna dómaraefni og lagaðist staðan við það.

Samræmingarnámskeið voru síðan haldin í öllum deildum dómarafélagsins í mars, en skylda er hjá dómurum að mæta á dómaraefni til að viðhalda réttindum sínum.

1. apríl var haldið landsdómaraefni á Hvanneyri. Námskeiðið tókst vel og kennarar voru Jóhann Friðgeirsson, Jóhann Þorsteinsson og Olil Amble. Auk þess fengum við til liðs við okkur Guðlaug Antonsson sem hélt fyrirlestur um skeið. Mættir á námskeiðið voru 15 héraðsdómarar og útskrifuðust 12 landsdómarar, en þrír féllu.

Eftir á að hyggja held ég að þessi gamla regla dómarafélagsins og landssambandsins um að ekki megi vera fleiri landsdómarar en 40 hverju sinni, sé liðin undir lok, ef hún hefur nokkurn tímann haft tilgang. Eins og staðan er, neyðist stjórn félagsins í samráði við stjórnir deildanna að pikka út menn til að taka þátt í slíku námskeiði, sem eðlilega verður mjög óvinsælt hjá þeim sem ekki er boðin þátttaka á námskeiðinu, en hafa kannski lengri starfstíma.

En engin skrá er til hjá félaginu um starfsreynslu hvers og eins. Væri miklu nær að auglýsa landsdómaraefni með jöfnu millibili og láta þá sem vilja, með ákveðið langa starfsreynslu spreyta sig á prófinu. Hljóta allir að græða á því að sem flestir hafi þetta próf.

Dómarar sem eru betur menntaðir og með langa starfsreynslu kalla á fleiri fundi fyrir landsdómara vegna samræmingarnámskeiða, umsjónar þeirra, landsdómara ráðstefna og funda landsdómara fyrir lands- og fjórðungsmót, sem aftur ætti að skila sér í betra samræmi dóma.

Á landsmóttinu í sumar störfuðu tvær fjórtan manna dómnefndir, hver dómnefnd var samansett af tveim stjórnendum, fimm dómurum, fimm landsdómurum sem riturum og tveim til vara. Dómstörf tókust í heildina vel þó svo að eitt og annað hefði mátt betur fara.

Stjórnandi í úrslitakeppni verður að passa að hestarnir fái tíma til að blása svolítið á milli atriða og ekki fara of hratt af stað með næsta atriði eins og gerðist í B-flokks úrslitunum að þessu sinni.

Ein kæra kom upp í barnaflokki, þar sem knapi missti hjálm af höfðinu í lok sýningar. Ekkert er í lögum L.H. sem kveður á um festingu hjálma í keppni, sem útilokar að hjálmar geti fallið af. Einnig er ekkert getið um viðurlög þess efnis ef knapi missir hjálminn í keppni, á þessari forsendu vísuðu dómarar kærinni frá en vísuðu því svo til stjórnar dómarafélagsins að koma með tillögu á næsta landsþingi L.H. að lög verði sett sem taka af öll tvímæli um hjálmanotkun í keppni. En dómarafélagið verður með tillögu þess efnis á þinginu.

Ekki er hægt að ljúka frásögnum frá landsmóttinu án þess að minnst á hið hörmulega slys sem varð í A-flokks úrslitunum, er Gýmir frá Vindheimum slasaðist með þeim afleiðingum að fella varð hestinn stuttu seinna. Þetta vekur margar spurningar, hvort t.d. ekki verður að vera starfandi dýralæknir á stórmótum sem skoðar hestana stuttu fyrir sýningu og hefur heimild til að vísa hestum frá ef honum sýnist svo.

10. sept. '94 var haldinn aðalfundur DFLH á Hótel Sögu. Mörg mál voru rædd og margar ákvarðanir teknar. Fyrir hönd fráfarandi stjórnar félagsins vil ég þakka fyrir okkur.

Olil Amble formaður, Halldór Sigurðsson ritari, Eypór Óskarsson gjaldkeri, Helgi Helgason varastjórn og Grettir Guðmundsson varastjórn.

En í nýrri stjórn félagsins eru:

Þormar Ingimarsson formaður, Sigurður Ævarsson og Guðni Jónsson.

Í varastjórn:

María Dóra Þórarinsdóttir, Ingibergur Árnason og Sigurbjörn Bárðarson.

14. SKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR L.H. OG HÍS 1994.

Nefndina skipuðu: Elín Magnúsdóttir formaður, Eydís Indriðadóttir, Guðlaug Steingrimsdóttir, Guðmundur Karlsson og Rosemarie Þorleifsdóttir.

Nefndin fjallaði um starfssvið æskulýðsnefndarinnar og æskulýðsfulltrúa og mótaði hugmyndir þar að lútandi. Hugmyndir þessar voru bornar undir stjórnarmenn L.H. og HÍS og gerðar á þeim lagfæringar. Haldið var félagsmálanámskeið fyrir fulltrúa úr hestamannafélögum sem vinna að æskulýðsstarfi. Var það skipulagt í samvinnu við fulltrúa frá ÍSÍ. Námskeiðið sóttu 26 félagar úr 18 hestamannafélögum og hestaíþróttadeildum.

Auglýst var eftir æskulýðsfulltrúum og voru þær ráðnar Kolbrún Kristjánsdóttir, fyrir norður- og austurland og Barbara Meyer, fyrir suður- og vesturland. Þær skila sjálfar skýrslum um sín störf.

Staðið var fyrir kvöldvöku á landsmóti fyrir börn og unglunga og allir keppendur í barna og unglingaflokki fengu að gróðursetja plöntur sem nefndarmenn höfðu staðið fyrir að útvega.

Á vegum nefndarinnar fóru 6 unglingar ásamt leiðbeinanda á æskulýðsmót FEIF í Skotlandi en landsliðsnefndin tók að sér að sjá um þátttöku unglunga á Norðurlandamótinu í Finnlandi.

Fundur var haldinn í Norrænu unglingaráði 4. júlí 1994 á Hótel Sögu með fulltrúum frá öllum Norðulöndum. Tveir fulltrúar mættu fyrir Íslands hönd, Rosmarie Þorleifsdóttir sem er fulltrúi fyrir Ísland í Norrænu unglingaráði og Elín Magnúsdóttir formaður æskulýðsnefndar L.H. og HÍS. Eydís Indriðadóttir er varafulltrúi í ráðinu. Margar hugmyndir voru ræddar um að koma á góðu samstarfi og kynnum milli unglunga á Norðulöndum. Reynt hefur verið að koma á unglingaskiptum milli landa en aðeins 1 unglingur fór út á síðasta ári. Hugmynd kom fram um að reyna að hafa Norrænt unglingamót 1996 á Íslandi.

Nefndin vinnur nú að uppbyggingu á fræðslufyrirlestri um "hestinn og hestamennsku" sem bjóða á, í skólum landsins. Miðast þetta efni við efri bekki grunnskóla.

Rætt hefur verið um að koma á degi sem helgaður væri "æskunni og hestinum".

Tillögur æskulýðsnefndar um mótun æskulýðsstarfs:

1. Uppbygging æskulýðsnefndar:

Í hverjum landsfjórðungi sé starfandi 1 æskulýðsfulltrúi + 1 á stór-Reykjavíkursvæðinu. Fulltrúarnir komi saman einu sinni - tvisvar á ári, skipi sér formann eða/og framkvæmdastjóra og sé hann jafnframt æskulýðsfulltrúi og sjái um þau mál sem tengjast landinu í heild og erlendum samskiptum. Hinir nefndarmennirnir séu svo æskulýðsfulltrúar hver í sínum landsfjórðungi. Æskulýðsfulltrúarnir fái laun fyrir störf sín og geta þau verið breytileg eftir umfangi verkefna hverju sinni. Þannig telur æskulýðsnefnd að fjárframlag L.H. nýtist betur heldur en að hafa aðeins einn æskulýðsfulltrúa fyrir landið allt. Við þetta sparast mikill ferðakostnaður og fleiri hæfir einstaklingar eru virkir hverju sinni.

2. Fræðslustarf:

Æskulýðsfulltrúar skulu stuðla að því að árlega séu haldin reiðnámskeið í hverju kjördæmi og stuðla að því að sem flestir geti notið þeirra. Á þessum námskeiðum sé fræðsla bæði bókleg og verkleg. Dæmi um viðfangsefni: Hesturinn, heilbrigði hans, þjálfun og hirðing. Ná því besta fram í hverjum hesti.

Reiðtygi, rétt notkun, umhirða og viðhald.

Auk þess stuðli æskulýðsfulltrúarnir að því að haldin séu námskeið fyrir nefndarmenn í æskulýðsnefndum hestamannafélaganna.

3. Æskulýðsmót:

Æskulýðsfulltrúar hvetji til þess að haldin séu æskulýðsmót í hverjum fjórðungi t.d. annað hvert ár þar sem farið er í sameiginlega útreiðatúra, farið í leiki og kynntar ýmsar nýjungar í keppnisgreinum og því sem varðar hesta og reiðmennsku.

4. Lands - fjórðungsmót:

Æskulýðsfulltrúar stuðli að því að á lands- og fjórðungsmótum sé haldin nokkurs konar æskulýðsstund eða kvöldvaka, þar sem unglíngarnir komi saman t.d. við varðeld og grill, syngi saman og skemmti hver öðrum.

5. Eftirlit:

Æskulýðsfulltrúar fylgist vel með framkvæmd keppni barna og unglínga eftir því sem tilefni er til.

6. Félagsleg tengsl:

Æskulýðsfulltrúar styðji við bakið á unglínganefndum félaganna og safni hugmyndum um verkefni og fræðsluefni og dreifi til þeirra. Hvetji félögin til sameiginlegra útreiðatúra yfir sumarið með leikjum og grillveislum og til þess að halda árshátíðir fyrir unglínga með mat og dansi til þess að stuðla að auknum kynnum innan félaganna sjálfra og milli félaga þar sem tök eru á því. Auk þess aðstoði þeir við að koma á unglíngaskiptum milli heimila innanlands.

7. Þrýstingur á sveitastjórnir og bæjaryfirvöld:

Hvetja þarf unglínganefndirnar til þess að þrýsta á bæjaryfirvöld og sveitastjórnir í viðkomandi sveitafélögum að veita æskulýðsstarfi hestamannafélaganna stuðning.

8. Erlend samskipti:

Æskulýðsfulltrúar kynni möguleika á erlendu samstarfi s.s. æskulýðsmótum og keppnum erlendis og vinni að skipulagi á þeim. Stuðli að því að unglíngar hér á landi eigi þess kost að dvelja á heimilum erlendis og kynnist þannig jafnöldrum í öðrum löndum og einnig íslenska hestinum á erlendri grund. Stuðli að því að erlendir unglíngar geti dvalið á heimilum hér á landi í staðinn.

Áherslan skal liggja á félagslegri uppbyggingu en láta félögin sjá sjálf um beina verklega kennslu.

Æskulýðsnefnd L.H. og HÍS.

15. SKÝRSLA ÆSKULÝÐSFULLTRÚA FYRIR NORÐUR- OG AUSTURLAND.

Starfstími minn var frá því í apríl og fram í miðjan ágúst.

Ég byrjaði starf mitt með því að hafa samband við formenn og eða unglíngafulltrúa félaganna.

Strax í apríl var haldin æskulýðsdagur hjá Létti á Akureyri sem endaði með árshátíð um kvöldið. Síðan voru haldnir æskulýðsdagar hjá Pyt í V-Hún, Léttfeta á Sauðárkróki, Svaða á Hofsósi, Stíganda í Skagafirði, Feyki í Öxarfirði, Snæfafa í Þistilfirði, Þráni á Grenivík, Freyfaxa á Héraði og Funa og Létti á Melgerðismelum. Þessir æskulýðsdagar voru mjög skemmtilegir og þátttaka með eindæmum góð.

Mörg félög utan þeirra sem hér eru nefnd hafa verið með mjög gott æskulýðsstarf s.l. ár. Eitt félag hefur beðið um aðstoð við æskulýðsdaga strax næsta vor og er það ánægjulegt. Það sem mér finnst helst ábótavant er að formenn eða unglíngafulltrúar félaganna hafi meira samband við æskulýðsfulltrúa L.H. Það er alltaf af hinu góða að ræða saman um þessi mál. Eins er mjög æskilegt að tvö til þrjú hestamannafélög haldi sameiginlega æskulýðsdaga. Það er mjög gaman fyrir krakkana að kynnast milli félaga.

Með bestu kveðju,
Kolbrún Kristjánsdóttir.

16. SKÝRSLA ÆSKULÝÐSFULLTRÚA FYRIR SUÐUR- OG VESTURLAND.

Í byrjun júnímánaðar var ég ráðin sem æskulýðsfulltrúi L.H. fyrir suður- og vesturland. Ég var reynslulítill á þessu sviði. Var þó búin að starfa sem formaður barna- og unglínganefndar hjá hestamannafélaginu Herði og ég sótti félagsmálanámskeið með öðrum fulltrúum hestamannafélaganna sem vinna að æskulýðsstarfi á sérstöku námskeiði í Ásgarðsskóla í marsmánuði.

Fyrri hluta júnímánuðar hafði ég samband við formenn hestamannafélaganna á suður- og vesturlandi og bauð fram þjónustu mína varðandi æskulýðsstarfið.

Vegna þess hve seint ég hóf starfið voru mörg félaganna búin að fá leiðbeinendur til sín m.a. vegna Landsmótsins.

Slík þjálfun og undirbúningur fyrir unga knapa fyrir stórmót er ómissandi og sjálfsögð, öðru æskufólki, börnum og unglíngum hjá félögunum má samt ekki gleyma þeim þarf að sinna og leiðbeina.

Um miðjan júní var haldið opið æskulýðsmót hjá Herði, sem ég undirbjó og stjórnaði. Mótið sóttu um 50 börn og unglíngar. M.a. var komið á ásetukeppni á mótinu þar sem ásetan var dæmd burt séð frá

hestakostinum. Allir fengu viðurkenningu og nokkra uppörfun, aukið sjálfstraust.

Á Landsmóttinu aðstoðaði ég m.a. við gróðursetninguna o.fl. Jafnframt tók ég nokkur viðtöl við krakka sem síðar birtust á unglingasíðu Eiðfaxes.

Strax eftir landsmótið fór ég vestur í Búðardal til Glaðs. Þar biðu mín rúmlega 20 krakkar. Þá var stórmót framundan hjá þeim og fóru nokkrir dagar í leiðbeiningar um reiðmennsku og keppnisreglur. Á stórmóttinu stóðu keppendur í barna og unglingaflokki frá Glað sig vel, það vel að mikla athygli vakti. Þegar er ákveðið að endurtaka námskeiðið hjá Glað næsta sumar.

Talsverður tími fór í undirbúning að ferð á æskulýðsmót FEIF í Skotlandi 6.-14. ágúst en ég tók að mér að vera fararstjóri ísl. þátttakendanna þar.

Þetta var mikil ævintýraferð og hefur frásögn um ferðina birst í Eiðfaxes 9. tölublaði.

Æskilegt hefði verið að byrja fyrr á árinu að starfa. Því undirbúning að þessu starfi þarf að hefja þegar eftir áramót og skipuleggja starfið áður en annatíminn hefst.

Með kveðju,
Barbara Meyer

17. REIÐVEGAÁÆTLUN - starfsskýrsla.

VINNUTILHÖGUN.

Á síðasta landsþingi L.H. að Varmahlíð í Skagafirði 29. og 30. október 1993 var skilað ítarlegri áfangaskýrslu um reiðvegaáætlun sem L.H. og VR stóðu að sameiginlega á síðasta misseri. Gagnasöfnun var þá að mestu lokið, en úrvinnslu lauk á vormánuðum 1994.

Reiðvegaáætlunin er skipt niður eftir umdæmum Vegagerðar ríkisins, og er í formi innbundinnar bókar og korta af viðkomandi svæði. Hver aðili í samstarfsnefnd hefur fengið í hendurnar bók yfir sitt umdæmi, en kortin, sem eingöngu eru til í einu eintaki á skrifstofum umdæmisverkfræðinganna til viðmiðunar við áætlanagerð.

Niðurstöður voru kynntar fyrir stjórn L.H. og var það ásetningur manna að halda sameiginlegan fund með samstarfsnefndum L.H. og VR af öllu landinu, þar sem gögn hvers umdæmis væru kynnt og afhent. Því miður var ekki vilji hjá forsvarsmönnum VR fyrir slíkum sameinuðum fundi. Í maí s.l. var haldinn landsfundur hjá umdæmisverkfræðingum VR og þeim þá kynnt og afhent gögnin. Um leið var stjórn L.H. afhentar bækur til fulltrúa sinna í samstarfsnefndunum.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR REIÐVEGAÁÆTLUNAR:

Víðast hvar eru brýnustu vandamál in í tengslum við mótssvæði og hesthúsahverfi á þéttbýlissvæðum. Stærstur kostnaðarliða í framkvæmdaáætluninni eru reiðvegir sem þarf að leggja eftir á vegna

bundins slitlags á þjóðvegum. Áætlaður kostnaður á km er á bilinu 750-1500 þús. kr.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hversu mikið var skráð í heild af reiðvegum í hverju umdæmi, hversu mikið af reiðvegum á þjóðvegum landsins hefur verið spillt með bundnu slitlagi, hlutfall þar á milli, og að lokum samantekinn heildarkostnaður við framkvæmdir.

Umdæmi:	skráðir km alls:	km. spillt af b.s.:	%	heildark. allar framkv. millj. króna
Suðurlandsumdæmi:	1317	157	12.0	198.4
Reykjanesumdæmi:	721	64	8.9	143.2
Vesturlandsumdæmi:	1473	64	4.3	68.0
Vestfjarðumdæmi:	935	99	10.5	67.1
Norðurlandsumd.v.:	1433	198	13.8	158.7
Norðurlandsumd.e.:	1858	89	4.8	133.5
Austurlandsumdæmi:	1789	194	10.8	140.0
Samtals:	9526	865	9.1	908.9

ÁRANGUR.

Ótvíræður árangur hefur náðst með samstarfi L.H. og VR. Skemmst er að minnast útboðs á reiðvegi meðfram Flóttamannavegi, gerð undirgangna við Rauðavatn og lagfæringar reiðgötu við Grafarholt; því miður hefur undirrituð ekki haft tæk á að fylgjast með framvindu mála í öðrum umdæmum. Breytingar á frumvarpi til vegalaga sem náðst hefur fram eru ekki síður mikilvægar.

HUGLEIÐINGAR AÐ LOKUM.

Þróun þessa málaflokks er enn sem fyrr verulega háð dugnaði fulltrúa hestamanna í hverju umdæmi og mikið starf er fyrir höndum; m.a. að efla og styrkja samstarfsnefndirnar. Brýnt er að setja umgengnisreglur varðandi umferð ríðandi manna, til að hrekja það neikvæða orðspor sem því miður vill loða við, á meðan fyrirfinnst vanþekking í umgengni við landið og gagnvart landeigendum.

Nú þegar þessi frumvinna hefur náðst í höfn er mikilvægt að láta ei staðar numið og huga þegar að endurskoðun reiðvegaáætlunarinnar í áframhaldandi samstarfi við Vegagerð ríkisins.

10. október 1994

Sigríður Sigþórsdóttir.

18. REIÐVEGAMÁL OG TENGD VERKEFNI.

4. maí var haldinn fundur í húsakynnum Vegagerðar ríkisins um reiðvegamála og var tilefnið að kynna vinnu Sigríðar Sigþórsdóttur arkitekts fyrir umdæmisverkfræðingum Vegagerðarinnar.

Allir umdæmisverkfræðingarnir mættu ásamt aðstoðarvegamálastjóra, stjórnarmönnum L.H. og framkvæmdastjóra L.H. ásamt Sigríði, sem afhenti umdæmisverkfræðingunum gögn um skráningar reiðleiðanna ásamt yfirlitskortum úr öllum umdæmum Vegagerðarinnar. Sjá nánar skýrslu Sigríðar.

Þessi gögn eru geymd á umdæmisskrifstofum Vegagerðarinnar og þar eiga allir aðgang að þeim, sem vinna að reiðvegagerð og vilja kynna sér þau mál. Niðurstöður þessa fundar voru:

Efla þarf og endurskipuleggja samstarfsnefndir Vegagerðarinnar og Landssambandsins. Finna þarf áframhaldandi samstarfsgrundvöll fyrir skipulagsvinnu á sviði reiðvegamála, hverju nafni sem hún nefnist. Ljóst er að L.H. og hestamannafélögin verða að vinna ötullega að málinu næstu misseri með því að þrýsta á sveitastjórnir og ríkisvald um fjárveitingu til þessa málaflokks.

Treysta þarf stöðu trúnaðarmanna L.H. í umdæmum Vegagerðarinnar og finna eðlilegan farveg fyrir samstarf þeirra og umdæmisverkfræðingana.

L.H. hefur kynnt reiðvegamálin fyrir samtökum sveitarfélaganna og óskað eftir stuðningi við reiðvegagerð. Þessari vinnu verður að halda áfram af alvöru og fullum þunga.

Við endurskoðun Vegaáætlunar á Alþingi nú í vetur þurfa hestamenn að þrýsta á um fjármagn til þessa málaflokks við alþingismenn hinna ýmsu kjördæma og tryggja fjármagn til verkefnisins.

Ýmislegt hefur áunnist sem eykur hestamönnum bjartsýni, hvað þennan málaflokk varðar, enda hefur verið skipulega unnið að framgangi mála.

Ný vegalög voru samþykkt á Alþingi. Lög nr. 45/1994. Í 17. gr. þeirra segir:

"Í vegaáætlun skal veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög".

Hé er um skyldu að ræða í stað heimildarákvæðis áður.

Landssamband hestamannafélaga sendi ítarlega greinargerð til samgöngumálanefndar Alþingis þar sem skýrt var, hver skilningur hestamanna er á umferðarrétti hestamanna og ábyrgð stjórnvalda til þess að standa að gerð reiðvega.

Einnig mættu stjórnarmenn L.H. og framkvæmdastjóri á fund Samgöngunefndar og fóru fram jákvæð skoðanaskipti um málið.

Með nýjum vegalögum hefur umferðarréttur hestamanna og réttarstaða reiðvega styrkst og löggin eru staðfesting á því að reiðvegagerð verði hluti af verkefnum Vegagerðarinnar.

Sveitarfélög.

Sveitarfélögunum er skylt að láta vinna aðalskipulag og deiliskipulag fyrir alla byggðakjarna. Í skipulaginu á að vera gert ráð fyrir hesthúsabyggð og reiðvegum. Misjafnt er hve vel er að þessu staðið hjá sveitarfélögunum en vaxandi skilningur er þó á þessum málum, enda hafa hestamannafélögin víða beitt sér fyrir úrbótum á þessu sviði.

Til að tryggja betur framgang þessara mála hjá sveitarfélögunum sendi skrifstofa L.H. bréf til skipulagsstjóra ríkisins dags. 1. okt. 1993, og afrit til allra sveitarfélaga í landinu, þar var gerð grein fyrir reiðvegaáætluninni og markmiðum hennar en síðar segir orðrétt í bréfinu:

"Til að framhald verði á verkefninu og til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að óskum við hér með eftir samstarfi við Skipulag ríkisins og hlutaðeigandi sveitafélög, hvað varðar skipulagsvinnuna.

Sú skráning reiðvega sem nú liggur til grundvallar reiðvegaáætlunarinnar, er unnin í nánú samstarfi við hlutaðeigandi hestamannafélög og umdæmisskrifstofur Vegagerðarinnar. Þar eru skráðar helstu reiðleiðir sem menn telja nauðsynlegar í hverju héraði. Því er það allra hagur að sú þekking nýtist í skipulagsvinnu sem þegar er í vinnslu, eða stendur til að vinna í náinni framtíð.

Óskum við því eftir að ofangreind skráning verði þannig höfð til hliðsjónar. Skráningin hefur verið gerð á kort Landmælinga Íslands í mkv. 1:100 000 (Atlaskort) og í mkv. 1:50 000 (DMA-kort).

Með von um góðar undirtektir".

Svarbréf skipulagsstjóra ríkisins dags. 24. nóvember 1993 var svohljóðandi:

Landssamband hestamannafélaga
b.t. Sigurðar Þórhallssonar
Bændahöll
107 Reykjavík.

"Mál: Reiðvegir á Íslandi.

Vísað er til erindis Landssambands hestamannafélaga dags. 1. október 1993 þar sem óskað er eftir samstarfi við Skipulag ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélög um m.a. reiðvegaáætlun, bættu aðstöðu hestamanna og friðlýsingu fornra reiðleiða að því leyti sem þessi mál snúa að gerð og framkvæmd skipulagsáætlana.

Skipulag ríkisins er reiðubúið til samstarfs um þessi mál. Þegar hefur verið leitað til Sigríðar Sigþórsdóttur, arkitekts varðandi upplýsingar sem hafa komið að gagni við gerð svæðisskipulagsáætlana á Suðurlandi og Vesturlandi.

Þá er verið að kanna kostnað við að ljósrita fyrir Skipulag ríkisins þau gögn og tillögur sem starfshópur á vegum samgönguráðherra hefur unnið, þannig að auðvelt verði að koma þeim á framfæri í skipulagsvinnu sem víðast á landinu".

Undirskrifað af Stefáni Thors.

Kortlagning reiðleiða á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Í samkomulagi því sem L.H. og Vegagerðin gerðu um skráningu og kortlagningu reiðleiða ásamt og með kostnaðaráætlun sem Sigríður Sigþórsdóttir vann, var höfuðborgarsvæðið ekki með samkvæmt ákvörðun Vegagerðarinnar. Hestamannafélögin á svæðinu vildu fá slíka skráningu hjá sér og að beiðni þeirra tók Sigríður þetta verk að sér. Gert var ráð fyrir að félögin bæru kostnað af þessu verkefni, enda þótt eðlilegt hefði verið að það fylgdi upphaflegu reiðvegaáætluninni. Lyktir málsins urðu þær að L.H. greiddi Sigríði fyrir þessa vinnu, en Vegagerðin hefur lofað að endurgreiða helming kostnaðarins eins og samið var um við fyrra verkefnið. Þannig sitja öll hestamannafélögin við sama borð, hvað kostnað snertir við verkið.

Aðrir fundir um reiðvegamála.

Margir aðrir fundir og viðræður hafa átt sér stað á árinu bæði með Vegagerðinni og skipulagsyfirvöldum í Reykjavík og nágrenna- byggðum.

Meðal annars vegna þess að rofnar voru gamlar og grónar reiðleiðir, mikilvægar samgönguæðar, sem hestamenn hafa notað áratugum saman og tengja umferð hestamanna á milli hesthúsaferfanna frá Mosfellsbæ suður í Hafnarfjörð. Má þar nefna Flóttamannavegin sem lagður hefur verið bundnu slitlagi. Þannig var hreinlega lokað fyrir hestamenn að komast leiðar sinnar.

Eftir mikil fundarhöld og þrýsting frá hestamönnum ákvað Vegagerðin að bjóða út og kosta að öllu leyti reiðvegi meðfram Flóttamannaveginum og tengiveg meðfram Vesturlandsvegi við Grafarholt. Framkvæmdum við þessi verk á að vera lokið fyrir 1. nóv. n.k.

Með þessari framkvæmd hefur Vegagerðin hafist handa við gerð reiðvega með þjóðvegi sem nýbundinn er bundnu slitlagi og umferð hestamanna hefur verið mikil um.

Hér er um ánægjulega viðhorfsbreytingu að ræða sem ber að þakka og þannig má segja að skilningur yfirvalda hafi aukist til þessa málaflokks og menn ætli honum aukið rými í framkvæmd og skipulagi.

19. LANDNÝTING OG ÍMYND HESTAMENNSKUNNAR.

Hinn 8. apríl s.l. var fyrir tilstuðlan Landgræðslu ríkisins efnt til málþings um landgræðslu og ímynd hestamennsku hér á landi. Landssamband hestamannafélaga, Búnaðarfélag Íslands, Félag hrossabænda og landbúnaðarráðuneytið stóðu að málþinginu með Landgræðslunni, sem fór fram á Hótel Hollyday Inn í Reykjavík. Fundarstjórar voru Niels Árni Lund, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu og Sólveig Ásgeirsdóttir, skrifstofumaður hjá Hestamannafélaginu Fáki.

Flutt voru 13 framsöguerindi um fjölþætt efni er málið snerti, en tvö öndverð sjónarmið bar hæst. Annars vegar var það sjónarmið talsmanna Landgræðslunnar að ýmis svæði væru illa farin vegna

ofbeitar og áníðslu hrossa. Hins vegar var það sjónarmið talsmanna hrossabænda að Landgræðslan gerði of mikið úr þessu vandamáli þó að hrossabændur neituðu ekki tilvist þess. Jón Bjarnason skólastjóri á Hólum, skoraði á alla hlutaðeigandi innan landbúnaðarins að samræma sjónarmið sín í opinberum málflutningi um þessi mál og hélt því fram að Landgræðslan mótaði ímynd þjóðarinnar til hrossabúskapar.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

"Málþingið telur nauðsyn bera til að stóraukið verði rannsókn- og upplýsingastarf varðand landnotkun og hrossarækt. Landgræðslan, leiðbeiningaþjónustan, hrossabændur og aðrir hestamenn taki höndum saman til að koma þessu máli í höfn.

Leita verður leiða til að fjármagna nauðsynlega skipulagsvinnu vegna beitarmála. Einnig þarf að gefa út bækling með aðgengilegum upplýsingum og leiðbeiningum til að vekja athygli á mikilvægi þess fyrir hrossabændur og hestamenn að landið sé nýtt með sem skynsamlegustum hætti."

20. SKÝRSLA FRÁ SKIPURITSNEFND.

44. ársþing L.H. samþykkti að stjórn sambandsins færi þess á leit við Hestaíþróttasamband Íslands að skipuð yrði nefnd til að skoða kosti þess og galla að þessi samtök yrðu sameinuð og gera tillögur að hugsanlegu skipuriti fyrir ný samtök og tillögu að lögum. Niðurstaða skyldi lögð fyrir þing beggja samtakanna til kynningar og einnig send hestamannafélögum og íþróttadeildum.

L.H. skipaði þá Guðbrand Kjartansson, Kára Arnórsson og Skúla Kristjónsson í nefndina en HÍS þá Hákon Bjarnason, Kristján Auðunsson og Pétur Jökul Hákonarson. Boðað var til fyrsta fundar 22. mars af framkvæmdastjóra L.H. Á þessum fundi var Kári Arnórsson kjörinn formaður nefndarinnar og Kristján Auðunsson varaformaður. Nefndin hefur starfað undir heitinu Skipuritsnefnd.

Eftir að menn höfðu skipst á skoðunum um tillöguna og tilgang hennar var ákveðið að leggja áherslu á að kanna alla starfsemi hestamanna, hvar þættir væru sameiginlegir og hvar aðgreindir. Menn voru sammála um að eyða ekki starfskröftum í samningu laga eða reglugerða fyrir hugsanlegt nýtt samband. Það hlyti að bíða seinni tíma ef mönnum sýndist svo. Skipt var verkum þannig að Skúli skyldi taka saman yfirlit um ræktunarpátt og kynbótastarf hestamanna, Kári og Guðbrandur gera grein fyrir L.H. m.a. við hvaða aðila L.H. hefur samstarf og hvar það á fulltrúa, Hákon, Kristján og Pétur skyldu taka saman yfirlit yfir íþróttahreyfinguna og hvernig HÍS er tengt ÍSÍ.

Nefndin hefur haldið átta fundi auk mikillar vinnu einstakra nefndarmanna milli funda. Eins og vænta mátti eru það margir þættir sem eru samtökunum sameiginlegir en einnig talsvert sem skilur á milli. Má þar nefna fjármögnun samtakanna, félagsleg staða og uppbygging

(hestamannafélög - L.H.) (íþróttadeildir - héraðssambönd - HÍS - ÍSÍ) og samskipti við aðrar stofnanir, L.H. séu rótgróin samtök á sterkum félagslegum grunni en HÍS ung samtök sem séu enn í mótun.

Landssambandið er æðsta stofnun hestamannafélaganna en HÍS er með yfirstofnun, er varðar lög og reglugerðir þ.e. ÍSÍ.

Færð voru rök fyrir því að öll starfsemi L.H. gæti rúmast innan HÍS. Það væri hins vegar grundvallarmunur á því hvort L.H. rúmaðist innan HÍS eða hvort t.d. áhrif og staða L.H. sem unnist hefði innan hrossaræktarinnar héldist, ef samtökin væru öll innan íþróttahreyfingarinnar.

Eins og fram kemur í tillögunni sem samþykkt var á þinginu í fyrra á fyrst og fremst að leggja fram vinnu nefndarinnar til kynningar. Það er síðan ákvörðun þinga beggja aðila hvort áfram skuli unnið með málið í þeim tilgangi að leggja fyrir þing samtakanna á næsta ári formlega tillögu að samruna og drög að lögum eða þá sú ákvörðun að þessar athuganir hafi leitt í ljós að slíkt sé ekki tímabært.

Gert var ráð fyrir því í tillögunni frá síðasta þingi að nefndin sendi niðurstöðu sína til félaganna fyrir 1. september. Margt hefur orðið til að seinka störfum nefndarinnar. Ekki síst forföll nefndarformanns vegna slyss í vor svo og voru tveir nefndarmenn, Guðbrandur og Kristján skipaðir í nefnd til að semja reglur um notkun lyfja og átti þeirri vinnu að vera lokið fyrir þing. Á þeim hefur því verið mikið álag.

Nefndin vonar að þessi töf komi ekki að sök þar sem hér er fyrst og fremst um mál til kynningar að ræða en ekki tillaga sem á að taka til afgreiðslu.

Reykjavík í október 1994

Kári Arnórsson formaður.

21. FAGRÁÐ Í HROSSARÆKT.

Formaður L.H. á sæti í fagráði í hrossarækt, aðrir aðilar að fagráði eru Félag hrossabænda, Búnaðarfélag Íslands, Búnaðarskólarnir á Hólum og Hvanneyri, Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Yfirdýralæknisembættið.

Fagráð hélt fjóra fundi á árinu og auk þess var haldinn almennur samráðsfundur fagráðs 12. nóvember 1993.

Í fagráði eiga sæti nú: Bergur Pálsson formaður, Kristinn Hugason, Halldór Gunnarsson, Einar E. Gíslason, Guðmundur Jónsson, Brynjólfur Sandholt, Ólafur Guðmundsson og Jón Bjarnason.

22. HEIMSÓKNIR TIL FÉLAGA.

Svæðisfundir voru ekki á árinu. Formaður sótti afmælisfagnaði hestamannafélaganna Faxe og Sörla og framkvæmdastjóri sótti afmælis-

fagnað Léttis og voru þessum félögum færðar árnaðaróskir frá samtökunum og smágjafir við þessi tækifæri.

23. HELSTU VIÐBURÐIR ÁRSINS.

Sýning stóðhestastöðvarinnar var 7. maí og sóttu hana fjöldi manns að vanda.

Landsmótið á Gaddstaðaflötum 28. júní - 3. júlí.

Bikarmót Norðurlands.

Suðurlandsmót í hestaíþróttum.

Íslandsmót í hestaíþróttum var haldið í Kópavogi 21.-24. júlí við glæsilegar aðstæður á félagssvæði Gusts.

Norðurlandameistaramót í hestaíþróttum í Finnlandi með þátttöku unglunga í fyrsta sinn, og stóðu Íslendingar sig frábærlega vel og voru landi og þjóð til sóma.

Sýningar haldnar í Reiðhöllinni á vegum Norðlendinga og hestadagar voru haldnir á vegum Fáks og Sunnlendinga.

Stórmót hjá hestamannafélögum einum sér eða í samvinnu við nágrannafélög.

24. ERLEND SAMSKIPTI.

Aðalfundur FEIF var haldinn í Reykjavík 4. júlí s.l. að loknu landsmóti. Fundinn sátu 24 fulltrúar auk stjórnarmanna FEIF. Fyrir Íslands hönd sátu fundinn Kristinn Hugason og Guðmundur Jónsson. Eins og venja er greindu stjórnarmenn frá starfi sínu á starfsárinu. Nýr formaður var kjörinn í stað Marit Jónsson, Lasse Eklund frá Svíþjóð. Þá var Slovenia formlega tekin í samtökin. 25 ára afmæli FEIF var á árinu og var þess minnst í tengslum við fundinn. Af því tilefni færði L.H. samtökunum fánastöng með fána L.H. og veitti fráfarandi formaður FEIF gjöfinni viðtöku.

Landslið í hestaíþróttum fór á Norðurlandamót í Finnlandi í ágúst og urðu Íslendingar sigursælir, eins og fram hefur komið í fjölmiðlum.

Fáein orð til ársþings Landssambands hestamannafélaga um alþjóðleg samskipti um ræktun íslenska hestsins og fleira.

Kristinn Hugason hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

Alþjóðleg samskipti á sviði ræktunar íslenska hestsins hafa aukist mjög á allra síðustu árum. Um þau mál eins og fleiri hefur Búnaðarfélag Íslands átt prýðisgott samstarf við Landssamband hestamannafélaga.

Þennan þátt samskiptanna við útlönd má rekja til þess að greinarhöfundur sótti fund ræktunarfulltrúa FEIF-þjóðanna í Hollandi þann 9. til 10. mars 1991 auk þess sem í starfi þessu er staðið á gömlum merg ýmissa samskipta við unnendur íslenska hestsins erlendis. Á

fyrirnefndri ráðstefnu varð höfundur ljóst að bæði þyrfti að skerpa stefnumótunina innan FEIF og færa stóraukinn kraft í kynningu íslenska ræktunarkerfisins þannig að erlendis gerðu menn sér ljóst forystuhlutverk okkar Íslendinga. Í ljósi skilningsleysis þáverandi ræktunarfulltrúa FEIF mat undirritaður það svo að til lítils væri að við Íslendingar tækjum þátt í dómstörfum á kynbótasýningu Heimsleikanna 1991 sem fram fóru í Svíþjóð og gekk það eftir að við tókum engan þátt í dómstörfum kynbótahrossa þar þó að Búnaðarfélag Íslands stæði að vali þátttökuhrossa er fram komu fyrir Íslands hönd á leikunum.

Á aðalfundi FEIF að afloknum leikunum 1991 var Svíinn Mats Jennerholm kjörinn ræktunarfulltrúi FEIF og sat hann til ársins 1993. Þrátt fyrir heilsubrest sem háði Jennerholm allt kjörtímabilið og þá einkum er á leið færði hann marga til betri vegar innan samtakanna. Þegar í upphafi kjörtímabils Jennerholms tókst ágætt samstarf greinarhöfundar við hann. Á aðalfundi FEIF í ágúst 1992 var Víkingur Gunnarsson ráðunautur kjörinn í ræktunarráð samtakanna og hefur Víkingur unnið að störfum sínum í ræktunarráðinu í nánú samstarfi við greinarhöfund og Hrossaræktarnefnd Búnaðarfélags Íslands en Landssamband hestamannafélaga hefur fjármagnað störf hans þar.

Fullyrða má að alger umskipti hafi orðið í málum þeim er hér er um fjallað við útgáfu ritsins *Kynbótadómar og sýningar* sem er á tveimur tungumálum; ensku og þýsku, auk íslensku en efnt var til ráðstefnu í Danmörku dagana 20. til 22. nóvember 1992, þar sem útgáfan var kynnt. Ráðstefnu þessa sátu ræktunarfulltrúar FEIF-landanna og kynbótadómarar víða að. Á ráðstefnunni flutti undirritaður framsöguræðu um íslenska dómkerfið og naut þar dyggrar aðstoðar Víkings Gunnarssonar.

Á árinu 1993 var starfi því er hér er um ræðir framhaldið og tókum við Íslendingar þá mikinn þátt í dómstörfum kynbótahrossa á Heimsleikunum í Hollandi en greinarhöfundur og Víkingur Gunnarsson veittu þar sinn hvorri dómnefndinni forystu, þó ekki færu dómarnir fram samkvæmt íslenskum reglum. Bæði á samræmingarfundi kynbótadómara fyrir Heimsleikana og á aðalfundi FEIF eftir leikana kom til töluverðra átaka á milli okkar fulltrúa Íslendinga og Þjóðverja. Þjóðverjar sem hunsuðu kynningarfundinn í Danmörku haustið áður mættu liðsterkir til Hollands og veittu okkur þá mótspyrnu er þeir gátu. Telur greinarhöfundur að reynslan hafi þegar leitt í ljós að málstaður okkar Íslendinga hafi komist vel til skila í Hollandi enda var ekki farið með veggjum hvorki hvað varðar kynningu á íslenska dómkerfinu né skoðun okkar á ýmsum atriðum er hið þýska varðar. Einkum þá hvað varðar þá óeðlilegu áherslu sem þýskir kynbótadómarar, sumir hverjir alla vega, leggja á að spá og spekulera um ýmsa þætti varðandi hrossin sem í dómi eru; þætti sem ekki eru á færi nokkurs dómara að byggja

hlutlægt mat á. Einnig ber að geta þess að hagsmunatengsl virðast vera mikil í þýska dómkerfinu.

Á aðalfundi FEIF að afloknum Heimsleikunum var kjörinn nýr ræktunarfulltrúi samtakanna. Hollendingurinn Anne Marie Quarles var kjörin án mótatkvæða og kusum t.d. bæði við Íslendingar og Þjóðverjar hana. Undirritaður er þeirrar skoðunar og hefir ætíð verið að okkur Íslendingum beri forystuhlutverkið á sviði ræktunar íslenska hestsins og er þá átt við bæði hvað varðar árangur í ræktun og hinn félagslega þátt. Í ræktuninni höfum við yfirburði þó ekki megum við sofna á verðinum þar eitt andartak. Hvað hinn félagslega þátt varðar er um að ræða markaðsmál og í þessu sambandi telur greinarhöfundur mikla ástæðu til að koma Íslendingi í sæti ræktunarfulltrúa FEIF. Það sæti getur enginn skipað með neinum sóma nema maður á besta aldri sem er á kafi í hrossaræktarstarfinu og nýtur viðtæks trausts hér heima og erlendis. Mat greinarhöfundar er það að Víkingur Gunnarsson hefði náð kjöri í embættið á aðalfundinum 1993 en hann var ófáanlegur í framboð, vildi þess í stað leggja áfram áherslu á starf í ræktunarráðinu fyrst í stað og ætlaði auk þess að fá leyfi frá störfum á meðan hann stundaði framhaldsnám í hrossafræðum á Bretlandseyjum en það nám hefur hann nú hafið og mun það taka rúmlega eitt ár. Jón Vilmundarson ráðunautur leysir Víking nú af hólmi í störfum innan FEIF. Fleiri tækifæri munu gefast til að fá kjörinn ræktunarfulltrúa FEIF héðan frá Íslandi, staðan hefur ekki versnað þó einhver tími hafi e.t.v. glatast.

Á árinu 1994 hefur það helst borið til tíðinda á þessum vettvangi að Víkingur og Jón Vilmundarson sóttu fund ræktunarfulltrúa FEIF í Hollandi þann 27. febrúar. Að afloknu landsmótinu var aðalfundur FEIF haldinn í Bændahöllinni í Reykjavík þann 4. júlí og 25 ára afmæli FEIF var haldið hátíðlegt í Viðey þá um kvöldið og ráðstefna og kynning á íslenska dómkerfinu á kynbótahrossum var haldin á Hólum dagana 6. til 7. júlí. Í framhaldi ráðstefnunnar á Hólum þar sem fram fóru kynningardómar komu Barbara Frische og Johanes Hayos kynbótadómarar til landsins síðsumars og störfuðu með okkur hér á landi á síðsumarsýningum. Er það til vitnis um breytta afstöðu Þjóðverja í málum þessum að Barbara Frische sem er einn af helstu kynbótadómurum þeirra skuli koma sérstaklega hingað til landsins til að kynna sér íslenska dómkerfið og eins hitt að þegar þú lest þennan pistil lesandi góður er greinarhöfundur úti í Þýskalandi að halda erindi um kynbótastarf, þ.m.t. dóma kynbótahrossa á Íslandi á aðalfundi ræktenda og dómenda íslenskra hrossa í Þýskalandi. Ástæður þessara sinnaskipta Þjóðverja, að reyna að fræðast af okkur Íslendingum frekar en að reyna að valta yfir okkur eins og þeir eru vanastir, hafa áður komið fram í pistli þessum auk þess sem einstaklega glæsilegar sýningar á landsmótinu á Hellu í sumar höfðu gríðarmikið að segja í þessu sambandi.

Sá merki atburður átti sér og stað í vor að Norðmenn samþykktu að taka íslenska dómkerfið upp í heild sinni og dæmdu höfundur og Víkingur Gunnarsson á héraðssýningu í Noregi í vor. Dómsniðurstöður þaðan voru umsvifalaust skráðar inn í Feng og komu inn í kynbótauppgjör í sumar. Nú nýverið var greinarhöfundur síðan á fundi með Norsk Íslandshestförening og Norsk Hestesenter, þar sem fjallað var um möguleika þess að Búnaðarfélag Íslands myndi í framtíðinni sjá bæði um dómstörf og skýrsluhald varðandi íslensk hross í Noregi.

Framundan er síðan, nú um miðjan nóvember, fundur ræktunarfulltrúa FEIF landanna þann fund munu höfundur og Jón Vilmundarson sækja og mun þar leitast við að skerpa enn frekar ímynd Íslands sem forystulands á sviði ræktunar íslenska hestsins. Á þeim fundi mun kynnt mikilvægt samkomulag í ljósi Evrópusamninga, þess efnis að Ísland sé móðurland íslenska hestsins. Undir á þetta samkomulag skrifuðu í apríl í vor forysta FEIF og forystumenn íslensks landbúnaðar; landbúnaðarráðherra og búnaðarmálastjóri.

Önnur mál

Greinarhöfundur ætlar ekki að vera langorður um önnur mál viðkomandi hrossaræktarstarfinu og ekki að tjá sig um einstök mál er fyrir þinginu liggja en þó skal getið um lyfjamálin svokölluðu. Í því sambandi er nú orðið tímabært að settar séu heildarreglur er nái til allra þátta hestamennsku og hrossahalds, og að því er nú unnið í nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins þar sem undirritaður er einn nefndarmanna. Hvatt skal til málefnalegrar umræðu um lyfjamálin sem önnur hér á þinginu og hvað einstaka atburði varðar ber að minnast þess að hér á Íslandi búum við í réttarríki og yfirvöld löggæslu og dómsvalds hafa með málin að gera en ekki borgararnir ef lög eru brotin.

Þingfulltrúum skal að lokum óskað velfarnaðar í störfum sínum á ársþingi Landssambands hestamannafélaga.



ÁRSREIKNINGUR 1993

FYRIR

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

REKSTRARREIKNINGUR

01.01.TIL 31.12.1993

Tekjur:	Skýr.	1993	1992
Árgjöld Sambandsfélaga.....	(3)	6.238.175	5.504.660
Styrkur úr ríkissjóði.....	(1)	1.000.000	500.000
Landsmót 1990.....		0	17.134
Auglýsingatekjur.....		45.000	87.000
Útgáfa smárita og filmuleiga.....		57.018	112.653
Þátt H.Í.S. í skrifstofukostnaði.....		600.000	900.000
Rekstur Skógarhóla.....		38.476	0
Vaxtatekjur.....		24.585	37.213
Aðrar tekjur.....		471.750	0
		<hr/>	<hr/>
Tekjur alls		8.475.004	7.158.659
		<hr/>	<hr/>
 Gjöld:			
Laun og launakostnaður á skrifstofu.....		3.089.222	2.979.593
Annar skrifstofukostnaður.....		1.644.531	1.416.415
Þinghald og fundir.....		560.172	476.221
Akstur og ferðakostnaður.....		417.497	482.954
Námskeiðahald o.þh.....		40.506	86.906
Reiðvegaáætlun (Sigríður Sigþórsdóttir).....		746.250	0
Æskulýðsstarf.....		725.356	1.060.231
Erlend samskipti.....		438.292	324.329
Rekstur Skógarhóla.....		0	109.918
Annar kostnaður.....		371.154	325.098
Styrkur til náttúruverndar.....		20.000	30.000
Vaxtagjöld og verðbætur.....		65.065	17.244
Afskriftir áhalda og innr.....		48.638	43.458
		<hr/>	<hr/>
Gjöld alls		8.166.683	7.352.367
		<hr/>	<hr/>
Hagnaður/(Halli) af rekstri		308.320	(193.708)
		<hr/>	<hr/>
 Óráðstafað eigið fé:			
Yfirfært frá fyrra ári.....		2.807.271	3.010.690
Rekstrarárangur skv.ofanskráðu.....		308.320	(193.708)
Matsbreyting húss Skógarhólum.....		0	(83.000)
Fyrning húsa í f.mati.....		73.288	73.288
		<hr/>	<hr/>
Yfirfært til næsta árs		3.188.879	2.807.271
		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR:


Veltufjármunir:	Skýr.	1993	1992
Sjóður og bankainnistæður.....		341.391	309.987
Fyrirframgr.kostnaður og viðsk.kröfur.....		873.786	480.148
Útistandandi árgjöld.....		134.900	100.000
Ríkissjóður v/ríkisstyrks.....		0	500.000
Birgðir (smárit,lög,reglug,myndb.).....	(1)	240.000	240.000
Bókabirgðir.....	(1)	56.000	56.000
		1.646.078	1.686.136
Veltufjármunir			
Fastafjármunir:			
Kvikmyndir (gamlar).....		128.040	128.040
Skrifstofuáhöld og innréttingar.....		267.749	266.387
Girðing Hvítárnesi.....		2.200	2.200
Skógarhólar, hús (fasteign).....	(1)	1.379.000	1.379.000
Skógarhólar, Hraunrétt, endurb.....	(1)	500.273	543.775
Fastafjármunir alls		2.277.262	2.319.402
Aðrar eignir:			
Áskrifendaskrá Hestsins Okkar.....	(1)	650.000	0
EIGNIR SAMTALS		4.573.340	4.005.538

31. DESEMBER 1993

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

Skammtímaskuldir:	Skýr.	1993	1992
Ógr.kostn. og viðskiptaskuldir.....		790.661	451.399
Ofgr. árgjöld.....		9.975	0
Reiðskólinn h.f.(v/ríkisstyrks).....		0	500.000
Fyrirfr. gr. styrkur v/erl. samak.....		100.000	0
Skuldabréf v/H.O.....		350.000	0
		1.250.636	951.399
Áningarhólfasjóður:			
Óráðstafað úr áningarhólfasjóði.....	(2)	133.825	246.868
Skuldir og áningarhólfasjóður alls.....		1.384.461	1.198.267
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé.....		3.188.879	2.807.271
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS		4.573.340	4.005.538

Reykjavík, 27. september 1994




 Sigfús Guðmundsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur Landssambands hestamannafélaga höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir árið 1993.

Við teljum að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri L.H. árið 1993 og efnahag þess 31.12.1993 og mælum með, að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 27. september 1994



 Gísli B. Björnsson



 Þorvaldur Þorvaldsson

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 1993

1) Reikningsskilaaðferðir:

- * Ársreikningur Landssambands hestamannafélaga fyrir árið 1993 er saminn eftri sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs. Hesthús og gístaðstaða á Skógarhólum er eignfært á fasteignamati í árslok kr. 1.379.000.
Mótfærsla matsbreytinga hússins er færð á óráðstafað eigið fé, sem er eini tilfærði eiginfjárreiknigur Landssambandsins. Fasteignamat er óbreytt frá 1/12.1992 til 1/12.1994. Brunabótamat hússins 1/1.1994 var kr. 6.545.000.-, og vörslumannsskúrsins kr.0, en vatryggingafjárhæð hans er kr. 176.000.
- * Óendurmetið kostnaðarverð endurbóta L.H. á Skógarhólum og vörslumannsskúr var í árslok 1992 kr. 1.465.767.-, og afskriftir námu á sama tíma kr. 395.880.
Afskrift þessara eigna 1993 er 5% eða kr. 73.288.- og er hún færð til gjalda á rekstur Skógarhóla, en mótfærslan á eigið fé, þar sem húsið er eignfært á fasteignamati. Eignfærðar framkvæmdir við Hraunrétt á Skógarhólum 1992 er í uppgjöri þessu afskrifað um 8% eða kr. 43.502.- og er sú afskrift einnig gjaldfærð á rekstur Skógarhóla. Skrifstofuáhöld og innréttingar, sem yfirfærð voru frá H.O. eru afskrifuð um 10%, svo og skrifstofutæki sem keypt voru á árinu.
- * Nú sem fyrr er ekki tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á eignir og skuldir sambandsins í ársreikningnum.
- * Á árinu keypti L.H. áskriftarskrá Hestsins Okkar og hugbúnað henni tengdan. Kaupverð skrárinnar og hugbúnaðarins var kr. 650.000.- og er fjárhæð þessi eignfærð, sem aðrar eignir í efnahagsreikningi.
- * Birgðamat smárita, reglugerða og myndbanda er hið sama og í uppgjöri fyrra árs eða kr. 240.000. Bókabirgðir Hestsins Okkar kr 56.000.-eru einnig óbreyttar frá fyrra ári. Í uppgjöri Hestsins Okkar á fyrri árum var ekki lagt eignamat á birgðir óseldra blaða, svo er ekki heldur í uppgjöri þessu.
- * L.H. fékk styrk úr ríkissjóði á árinu að fjárhæð kr.2.000.000. Af þessum styrk rann til Reiðskólans kr. 1.000.000.

2) Óráðstafaður áningarhólfasjóður:

Árþing 1990 ákvað að framvegis rynnu 2% af heildarsölu aðgangseyris að lands- og fjórðungsmótum í áningarhólfasjóð. Staða sjóðsins greinist þannig :

Staða 31.12.1992	Kr.	246.868
Framlag í áningarhólfasjóð frá FM.1993	"	191.940
	Kr.	<u>438.808</u>
Frá dregst:		
Ráðstöfun 1993	Kr.	(304.983)
Óráðstafað 31.12.1993	Kr.	<u>133.825</u>

3) Árgjöld sambandsfélaga:

Samkvæmt uppgjörum aðildarfélaga L.H. voru félagsmenn þeirra alls 6.984.- sem greitt var af til sambandsins og hefur fækkað um 83 frá fyrra ári. Fullt gjald er gr. fyrir 6.149 félagsmenn og unglingagjald fyrir 835. Við þennan félagafjölda miðast tekjufærsla í rekstrarreikningi kr.6.238.175. Sjá sérstaka skrá aftast í ársreikningnum, Gjaldfríir félagar 70 ára og eldri voru 462.

Árgjöld samkvæmt uppgjöri L.H. 1993.

	Félagsmenn		Árgjöld
	Fullorðnir	Unglingar	
Andvari.....	205	38	212.800
Blakkur.....	49	0	46.550
Blær.....	27	3	27.075
Dreyri.....	95	8	94.050
Faxi.....	205	38	212.800
Fákur.....	722	118	741.950
Feykir.....	51	9	52.725
F. T.....	104		98.800
Freyfaxi.....	115	17	117.325
Funi.....	68	14	71.250
Geisli.....	25		23.750
Geysir.....	347	23	340.575
Glaður.....	112	4	108.300
Glófaxi.....	29		27.550
Glæsir.....	32	2	31.350
Gnýfari.....	37	15	42.275
Goði.....	22		20.900
Grani.....	60		57.000
Gustur.....	323	58	334.400
Háfeti.....	32	2	31.350
Hending.....	45	12	48.450
Hornfirðingur.....	92	10	92.150
Hringur.....	88	13	89.775
Hörður.....	282	60	296.400
Kinnskær.....	36	4	36.100
Kópur.....	90	9	89.775
Léttfeti.....	131	13	130.625
Léttir.....	241	52	253.650
Ljúffur.....	78	10	78.850
Logi.....	108	15	109.725
Máni.....	125	24	130.150
Neisti.....	83	23	89.775
Óðinn.....	55		52.250
Sindri.....	112	15	113.525
Skuggi.....	121	39	133.475
Sleipnir.....	280	17	274.075
Smári.....	211	5	202.825
Snarfari.....	20		19.000
Snæfaxi.....	58	7	58.425
Snæfellingur.....	173	20	173.850
Sóti.....	72	21	78.375
Stígandi.....	192	7	185.725
Stormur.....	78	8	77.900
Svaði.....	85	13	86.925
Sörli.....	257	31	258.875
Trausti.....	134	9	131.575
Þjálfur.....	102	10	101.650
Þráinn.....	50	16	55.100
Þytur.....	90	23	96.425
	6.149	835	6.238.175

(Fullt árgjald fyrir hvern félagsmann 1993 var kr. 950 og unglingagjald var kr.475)

Morgunblaðið

HESTURINN
OKKAR



Bæjarhraun 2
220 Hafnarfjörður
Tel.: 354-1-653044
Fax: 354-1-652113

ÍSLENSKAR HESTAFERÐIR SF.

Kaupfélag
Rangæinga



DV

Fyrstir með fréttirnar



Arni Höskuldsson
GULLSMÍÐUR

BERGSTAÐASTRÆTI 4 – 101 REYKJAVÍK
SÍMI & FAX 620335

PRENTTÆKNI HF.

KÁRSNESBRAUT 108 • 200 KÓPAVOGUR
SÍMAR 44260 & 44399
TELEFAX 45073



Póstsendum hvert á land sem er

HESTAMAÐURINN

Sérverslun með hestavörur, Ármúla 38, sími 681146

Sportkort


fyrir hestamenn



ÁSTUND

SÉRVERSLUN
HESTAMANNSINS

Háaleitisbraut 68 Austurveg
Sími 68-42-40



HÉRAÐSNEFND RANGÆINGA

**býður hestamenn og gesti þeirra velkomna
til ársþings að Hvolsvelli**

HVOLHREPPUR

RANGÁRVALLAHREPPUR

HÓTEL HVOLSVÖLLUR

HÓTEL MOSFELL

OLIS OLÍUVERSLUN ÍSLANDS H.F.

M R BÚÐIN

ANDRI H.F.

SAMSKIP

EIMSKIP

REIÐSPORT

ESSO OLÍUFÉLAGIÐ H.F.

FÉLAG HROSSABÆNDA

FLUGLEIÐIR

**Ofangreind fyrirtæki og stofnanir styrktu útgáfu árskýrslunnar.
Þeim eru færðar alúðarpakkir fyrir stuðning og velvilja.**